

Ed.

1088. Nefndarálit

[406. mál]

um frv. til l. um lágmarkslaun.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Við undirritaðir teljum að frumvarp þetta sé efnislega sanngjarnt. Það er höfuðnauðsyn að hækka lægstu launin og með 30 000 kr. lágmarkslaunum væri sannarlega ekki of í lagt.

Hins vegar hefur frumvarpið ekki verið sent til umsagnar aðila vinnumarkaðarins og í því eru ákvæði sem orka tvímælis.

Útilokað er að afgreiða frumvarpið við fimm umræður í báðum deildum þings úr því sem komið er. Við teljum því ótímabært og tilgangslítið að afgreiða frumvarpið úr nefnd og tókum ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Alþingi, 22. apríl 1986.

Ragnar Arnalds,
frsm.

Magnús H. Magnússon.